



## Framhaldsskólakennarar Íþróttakennari - Vélfræðingur

**Íþróttakennari 50% staða.** Umsækjendur skulu hafa háskólapróf í íþróttagreinum auk kennsluréttinda í framhaldsskóla.

**Vélfræðingur 100% staða.** Um er að ræða kennslu á A- og B-stigi. Umsækjendur skulu hafa lokið vélstjórnarnámi D auk kennsluréttinda í framhaldsskóla. Æskilegt er að viðkomandi hafi nokkra reynslu sem vélfræðingur.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra og stofnanasamningi skólans. Sóst er eftir kennurum sem hafa til að bera góða samskiptahæfni, þjónustulund, frumkvæði, eru sjálfstæðir í vinnubrögðum og hafa áhuga á að taka þátt í þróunarstarfi í kennsluháttum og uppbyggingu náms í samræmi við ný lög um framhaldsskóla (nr. 92/2008).

Umsókn þarf ekki að vera á sérstökum eyðublöðum. Með umsókn skal fylgja ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf og meðmælendur. Umsóknir skal senda til skólameistara á netfangið [jon@misa.is](mailto:jon@misa.is) eða á heimilisfang skólans: Menntaskólinn á Ísafirði, Torfnesi, 400 Ísafirði. Umsóknarfrestur er til 4. maí. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari [jon@misa.is](mailto:jon@misa.is), eða í síma 8964636. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staðan losnar á ný.

Menntaskólinn á Ísafirði starfar eftir áfangakerfi. Einkunnarorð skólans eru VIRÐING, METNAÐUR, VÍÐSÝNI og ÁRANGUR. Nánari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans <http://www.misa.is/>.

Skólameistari